

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem eiga hlut að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um Vatnsveitu Húsavíkur nr. 199 23. desember 1958 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 2. marz 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir Vatnsveitu Akraness
nr. 294 31. desember 1964.

1. gr.

17. gr. orðist þannig:

a) Almennur vatnsskattur.

Af öllum húseignum í lögsagnarumdæmi Akraneskaupstaðar, sem virtar eru fasteignamati og liggja við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar eru, skal greiða árlegan vatnsskatt og skal honum varið til að standa straum af kostnaði við vatnsveituna.

Hinn almenni vatnsskattur skal miðaður við ákveðinn hundraðshluta af gildandi fasteignamatsverði húseignar á hverjum tíma, eftir ákvörðun bæjarstjórnar, hverju sinni.

Nú er húseign, sem greiða ber af vatnsskatt, eigi virt fasteignamatsvirðingu og ákveður þá Vatnsveitan skattinn.

b) Aukavatnsskattur.

Af húsum, er vatn nota til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin eða af öðrum ástæðum, skal greiða aukagjald, sem nefnist aukavatnsskattur.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða eftir notkun og ákveður bæjarstjórn gjald fyrir hvern rúmmetra. Nú er vatn notað án mælis og skal þá Vatnsveitan ákveða aukavatnsskatt samkv. áætlaðri notkun. Nú sættir húseigandi eða vatnsnotandi sig ekki við ákvörðun Vatnsveitunnar á aukavatnsskatti, og getur hann þá krafizt þess, að vatnsnotkun hans verði mæld um eins mánaðar skeið eftir vali Vatnsveitunnar og verður aukavatnsskattur þess árs þá ákveðinn hlutfallslega við útkomu þeirrar mælingar.

c) Önnur gjöld.

Stofngjöld fyrir tengingu heimæðar ákveður bæjarstjórn hverju sinni í gjaldskrá fyrir Vatnsveituna, sbr. 12. gr. Sama gildir um gjald fyrir uppsetningu mæla, mælaleigu og gjald fyrir vatn til skipa.

d) Vatnsskattur Sementsverksmiðju ríkisins.

Um vatnsskatt Sementsverksmiðju ríkisins fer eftir sérsamningi við hana.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 2. marz 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrimur Dalberg.

Nr. 55.

2. marz 1972.

G J A L D S K R Á

fyrir Vatnsveitu Akraness.

Almennur vatnsskattur.

1. gr.

Af öllum húseignum í lögsagnarumdæmi Akraneskaupstaðar, sem virtar eru fasteignamat og liggja við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar eru, skal greiða árlegan vatnsskatt, sem nemur 0.18% af gildandi fasteignamati eignarinnar hverju sinni.

2. gr.

Vatnsskattur sky. 1. gr. skal hlíta eftirfarandi ákvæðum um minnsta gjald á rúmmetra í byggingum á viðkomandi lóð:

Íbúðarhús	minnst 4 kr./m ³
Iðnaðarhús	minnst 1 kr./m ³
Vörugeymslur	minnst 1 kr./m ²
Allt annað húsnæði	minnst 4 kr./m ³

Þessi lágmarksgjöld eru miðuð við fasteignamat 1972 og breytast í samræmi við það.

Aukavatnsskattur.

3. gr.

Auk vatnsskatts samkv. 1. gr., skal greiða aukavatnsskatt af húsum, er nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin eða af öðrum ástæðum.

Aukavatnsskatt skal innheimta samkv. mæli eða áætlun vatnsveitunnar með kr. 1.70 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Fyrir önnur vatnsnot en þau, er að framan eru talin, skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur samkv. ákvörðun vatnsveitunnar.

Önnur gjöld.

4. gr.

Greiðsla fyrir vatn, sem selt er til skipa og báta í Akraneshöfn skal vera kr. 40.00 fyrir hvern rúmmetra.

5. gr.

Allir, sem óska tengingar við dreifiaðar vatnsveitunnar, greiði stofngjald, er sé kr. 6.00 af fyrstu 2000 rúmmetrum húss og kr. 4.00 af því, sem þar fer yfir.